Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 2. október 2019
R19100069

Borgarráð

***Guðný SU-31, höfnun forkaupsréttar***

Óskað er eftir að borgarráð hafni að þessu sinni að nýta forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Guðnýju SU 31 skv. kauptilboði, söluyfirlit, dags. 30. september 2019.

*Greinargerð:*
Fiskiskipið Guðný SU- 31 var selt með samþykktu kauptilboði, dags. 18. mars 2019, fyrir 3.000.000. kr. Borgarráð samþykkti höfnun á nýtingu forkaupsréttar vegna þessa þann 4. apríl sl. Sú sala gekk til baka og var nýtt kauptilboð að fjárhæð 2.300.000 kr. gert sem einnig gekk tilbaka. Borgarráð samþykkti höfnun á nýtingu forkaupsréttar vegna þess síðargreinda þann 18. júlí sl. Skipið er án aflahlutdeildar/aflamarks. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða á sveitarstjórn forkaupsrétt á fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Lagt er til að borgarráð hafni að nýta að þessu sinni lögbundinn forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Guðnýju SU 31.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:
Yfirlýsing um að nýta ekki forkaupsrétt á skipi, ódagsett.

Skjalið samdi Guðjón Guðmundsson, kt. 141270-4279, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

# Yfirlýsing um að nýta ekki forkaupsrétt

Úr lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, 12. grein, 3. málsgrein:
Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt.

Fyrir liggur kauptilboð í neðangreint skip:

| Heiti skips | Skipaskrárnúmer | Þyngd skips | Heimahöfn | Lengd skips |
|---|---|---|---|---|
| Guðný SU-31 | 1988 | 6,3 br.tonn | Stöðvarfjörður | 8,46 met. |

| Eigandi skips | Kennitala eiganda | Heimilisfang | Staður | Eignarhlutfall í skipi |
|---|---|---|---|---|
| Landsbankinn hf. | 471008-0280 | Austurstræti 11 | 155 Reykjavík | 100 % |

| Kaupandi | Kennitala | Heimili | Staður | Eignarhlutfall í skipi |
|---|---|---|---|---|
| Útgerðarfélagið Þór ehf. | 540510-0320 | Strandgata 36 | 740 Fjarðabyggð | 100 % |

| Kaupverð skips | Söluyfirlit dags. | Afhending dags. | Afsal dags. |
|---|---|---|---|
| 2.600.000 | 30.9.2019 | 15.10.2019 | - |

**Aðrir skilmálar kauptilboðs:**

Kaupverð er greitt með peningum og láni við gerð kaupsamnings og afsals. Aðilar hafa gert með sér samkomulag skv.ofangreindu og gert ráð fyrir að ganga frá kaupsamningi og afsali innan 2ja vikna.

Neðangreindri sveitarstjórn er hér með boðið forkaupsréttur á skipinu. Sé það vilji sveitastjórnar að nýta sér þann rétt sinn er óskað eftir því að neðangreindur skipasali sé látinn vita sem fyrst í síma 899 2694 eða á tölvupóstfang gudjon@batarogbunadur.is. Að öðrum kosti er óskað eftir því að sveitarstjórn áriti þessa yfirlýsingu um að nýta ekki forkaupsrétt sinn að þessu sinni og skipasali mun nálgast frumrit í afgreiðslu á skrifstofu sveitarstjórnar.

Neðangreind sveitarstjórn, og jafnframt forkaupsréttarhafi á ofangreindu skipi, hefur ákveðið að nýta sér ekki forkaupsrétti sínum að þessu sinni.

Staður og dagsetning,

______________________________

______________________________

F.h. Reykjavíkurborgar
530269-7609
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift og yfirlýsingu þeirra um fjárræði,

Nafn Kennitala

Nafn Kennitala